

gegn mótmælum stefnda, en honum veitist vikufrestur til andsvara.

Því úrskurðast:

Kröfur áfryjanda um frest til vitnaleiðslu verða ekki teknar til greina, en honum veitist vikufrestur til andsvara.

Mánudaginn 28. febrúar.

Nr. 50/1909:

Guðmundur Magnússon
gegn
Gísla Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Í máli þessu lögsótti stefndi Gísli Þorbjarnarson búfræðingur fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur áfryjandann Guðmund Magnússon Barónsstíg 16 í Reykjavík, til greiðslu á skuld að upphæð 34 kr., og var málið dæmt í nefndum rétti 21. okt. f. á. með þeim úrslitum, að áfryjandinn var skyldaður til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld 34 kr. ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. f. á. til borgunardags og í málskostnað 20 krónur.

Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. nóv. f. á., og krafist þess, að hann verði að fullu og öllu sýknaður af kærnum og kröf-

um stefnda og að stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er viðurkent með málsfærslu áfrýjandans, að hann hafi árið 1902 í marzmán. tekið út í fataverzlun Guðmundar Sigurðssonar klæðskera jakkaföt, er kostuðu 34 kr., og var hann skuldaður fyrir þessari upphæð í bókum verzlunarinnar, en stefndi hefir síðan keypt skuldina af þrotabúi Guðmundar. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að þessi skuld sé löngu borguð Guðmundi Sigurðssyni á þann hátt, að Guðmundur hafi í ágúst 1902 og næstu mánuði þar á eftir tekið út ýmsar vörur hjá áfrýjanda, og lagði áfrýjandi fram mótreikning yfir vörur þessar fyrir bæjarþinginu, að upphæð 37 kr. 80 a., er skuldin hafi átt að vera jöfnuð með og meira en það. En stefndi hefir neitað að hafa fengið vörur þær hjá áfrýjanda, er á reikningnum eru taldar, en hitt sem þar er talið honum til skuldar, hefir hann talið borgað áfrýjanda á annan hátt en með fötunum. Með því að áfrýjandi hefir ekki á nokkurn hátt hnekt þessari neitun stefnda, um að hin umstefnda fataskuld hafi verið greidd, og með því að áfrýjandi hefir ekki með gagnsök lögsótt stefndan út af hinum framlagða mótreikningi, verður að fallast á það, að hann var með bæjarþingsdóminum dæmdur til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld 34 kr. ásamt vöxtum eins og þar greinir, og ber að staðfesta dóm þenna í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Áfrýjanda ber og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Guðmundur Magnússon greiði stefnda Gísla Þorbjarnarsyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1909:

Samson Eyólfsson

gegn

ráðherra Íslands fyrir hönd
landsjóðs og Magnúsi Torfa-
syni bæjarfógeta.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 20. janúar f. á., var Samson Eyólfsson skuldheimtumaður á Ísafirði dæmdur í 5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð fyrir sviksamlega meðferð á innheimtufé, og var hann meðan á rannsókn málsins stóð tvívegis settur í gæzluvarðhald samkvæmt úrskurði dómarans og hafður í haldi samtals 54 daga. Eftir kröfu Samsonar var málinu skotið til yfirdómsins, og með dómi þess réttar uppkveðnum 3. maí f. á. var aukaréttardóminum breytt þannig, að Samson var sýknaður af ákæru réttvísinnar í málinu.